

## Skýrsla formanns

Aðalfundur FFÍ árið 2016 var haldinn 1. apríl og var vel sóttur. Félagsmenn gerðu hvorki athugasemdir við reikninga gjaldkera né skýrslu formanns og voru bæði skjölin samþykkt. Eitt stærsta verkefni fundarins var að kjósa í stjórn. Að þessu sinni vék Jóhanna Björk Guðjónsdóttir úr sæti formanns eftir samfellda 7 ára stjórnarsetu, þar af 4 sem formaður. Voru henni veittar miklar þakkir fyrir afar góð og óeigingjörn störf í þágu félagsins og frönskunnar og afhent gjöf frá félaginu af þessu tilefni. Tvær aðrar stjórnarkonur óskuðu eftir að víkja úr stjórn, þær Sigurbjörg Gylfadóttir gjaldkeri og Sigurbjörg Eðvarðsdóttir meðstjórnandi. Voru þeim einnig þökkuð góð og dygg stjórnarstörf. Margrét Helga Hjartardóttir gaf kost á sér í formannssætið og var kjörin einróma. Hulda Sif Birgisdóttir gaf kost á sér áfram sem ritari og Eva Leplat Sigurðsson og Sólveig Simha gáfu jafnframt kost á sér í stjórn og voru þær allar kjörnar einróma. Hrefna Clausen og Eyjólfur Már Sigurðsson gáfu áfram kost á sér sem fulltrúar FFÍ í STÍL og ritnefnd Málfríðar.

Ný stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum starfsársins og hélt Hulda Sif áfram sem ritari, Sólveig varð gjaldkeri og Eva meðstjórnandi. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir á tímabilinu en einnig mikið notast við rafræn samskipti á milli funda.

Skömmu fyrir aðalfund ársins 2016 var efnt til frönskukeppni framhaldsskólanema, að þessu sinni í upphafi viku franskrar tungu, laugardaginn 12. mars í húsakynnum Alliance française við Tryggvagötu.<sup>1</sup> Keppendur voru 8 talsins frá sex skólum og unnu þeir myndbönd út frá efninu „Qu'est-ce que la France et le français pour moi ?“. Í dómnefnd voru Philippe O'Quin, sendiherra Frakklands á Íslandi, Catherine Eyjólfsson frönskukennari og þýðandi og Egill Arnarson, stjórnarmaður í Alliance française. Sigurvegari keppinnar var nemandi úr Kvennaskólanum, Valgerður Hirst Baldursdóttir. Í 2. sæti var Agnes Sólmundsdóttir úr MH og saman í 3. sæti voru Sigurósk Sigurgeirsdóttir úr MK og Sólveig Hrönn Hilmarsdóttir úr MR. Valgerður hlaut í verðlaun ferð til Frakklands og tíu daga námskeið í tengslum við alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í La Rochelle í júlímánuði. Valgerður þáði verðlaunin og lét mjög vel af lærdómsríkri Frakklandsdvöl eftir heimkomu.

---

<sup>1</sup> Keppinnar er getið hér þar sem hún kom ekki fram í skýrslu formanns 1. apríl 2016

Fyrsta verkefni nýkjörins formanns rétt eftir aðalfundinn 1. apríl var að fara á fund formanna allra fagfélaga hjá KÍ þar sem aðalumræðuefnið var niðurfelling árlegs styrks Menntamálaráðuneytisins til fagfélaga vegna faglegs starfs. Ráðuneytið mun ekki lengur veita umræddan styrk (sem hefur verið 150.000 krónur undanfarin ár) en í þess stað greiða félögum fyrir sérstök verkefni á vegum ráðuneytisins. Mikil óánægja ríkti yfir þessu á fundinum enda þessi styrkur í sumum tilvikum eina tekjulind fagfélaga, þeirra sem ekki innheimta félagsgjöld. KÍ hafði þegar sent bréf og beðið um rökstuðning og svar barst seint og síðar meir þar sem lítið nýtt kom fram. Fundurinn ákvað að ítreka rök KÍ með öðru bréfi. Athugasemdir komu líka frá fleiri aðilum, t.d. einstökum félögum en ráðuneytinu hefur því miður ekki verið haggð í þessum efnum síðast þegar fréttist.

Formaður sótti stuttu síðar fund í sendiherrabústaðnum þar sem kom saman í annað sinn hópur fólks sem lætur sig framtíð frönskunnar á Íslandi varða. Þess má geta að fleiri fulltrúar félagsins eru í þessum hópi, þau Jóhanna Björk fráfarandi formaður, Eyjólfur Sigurðsson, Petrína Rós Karlsdóttir og Ásdís Magnúsdóttir. Var það konsúll Frakklands, Gaëlle Hourriez-Bolatre, sem boðaði til fundarins og stýrði honum. Ýmsar hugmyndir til að stuðla að eflingu frönskunnar voru ræddar. Í nóvember 2016 var gefin út skýrsla sem afrakstur þessarar vinnu undir heitinu „Plan d’avenir du français 2016-2018“. Þar er farið yfir stöðuna í dag og sett fram áætlun um ýmsar aðgerðir til úrbóta, til dæmis hvað varðar eflingu frönskukennslu á öllum skólastigum, aukningu styrkja til verðandi frönskukennara og ýmis kynningarmál. Skýrslan er lögð fram til skoðunar hér á fundinum og svo látin fylgja fundargerð þessa aðalfundar. Ein aðalafurð þessa verkefnis hefur því miður ekki lítið dagsins ljós af tæknilegum ástæðum, eftir því sem undirrituð kemst næst, en það er örstutt myndband unnið í samstarfi við nemendur í Kvikmyndaskóla Íslands sem hugsað er til að vekja áhuga grunnskólanema á frönskunni. Vonandi kemst þetta myndband í dreifingu sem allra fyrst.

Fyrirhugað sumarnámskeið félagsins í Rouen féll niður vegna ónógrar þátttöku og í þess stað ákveðið að fresta því um ár. Það er því ánægjulegt að greina frá því að nú stefna 10 félagsmenn þangað í júní 2017. Í sárabætur sóttu óvenju margir frönskukennarar sumarnámskeið STÍL um Evrópurammann sem haldið var í EHÍ í byrjun júní 2016. Þótti námskeiðið mjög gagnlegt.

Eins og undanfarin ár var nemendum sem höfðu sýnt framúrskarandi árangur í frönsku á stúdentsprófi ásamt sigurvegurum frönskukeppninnar boðið til hófs og viðkenningaafhendingar í sendiherrabústaðnum um miðjan júní. Var prýðileg mæting og almenn ánægja með viðburðinn.

Heimsping FIPF (Fédération internationale des professeurs de français) var haldið í Liège í júlí 2016. Samhliða því var aðalfundur CEO (Commission de l'Europe de l'Ouest, þ.e. vestur-Evrópu hóps FIPF) þar sem kosin var ný stjórn. Petrína Rós Karlsdóttir sótti bæði ráðstefnuna og fundinn fyrir hönd FFÍ. Hún sagði okkur ýmsar fréttir frá þessum atburðum á félagsfundi í vetur. Lítið hefur frést frá CEO síðan á aðalfundinum en við sáum okkur ekki fært að senda fulltrúa á fund sem haldinn var í Utrecht í byrjun nóvember þar sem hann rakst á við ráðstefnu frönskukennara í Kaupmannahöfn (sjá hér fyrir neðan). Vonandi kemst fulltrúi okkar á sumarfund CEO sem að jafnaði er haldinn í júlí. Hefur undirrituð sent fyrirspurn um hann til ritara CEO en ekki fengið svör.

Á haustmánuðum barst félaginu mjög ánægjulegt boð fyrir tvo fulltrúa félagsins frá Félagi frönskukennara í Danmörku. Tilefnið var 80 ára afmæli félagsins og bauð það til ráðstefnu í Kaupmannahöfn dagana 4.-5. nóvember. Þar mættu fulltrúar Norðurlandanna og báru saman stöðu frönskunnar í löndunum á örráðstefnu 4. nóvember og tóku svo þátt í námskeiðsdegi danskra frönskukennara daginn eftir. Formaður, Margrét Helga, og Petrína Rós formaður STÍL fóru til Kaupmannahafnar fyrir hönd FFÍ og tóku virkan þátt í því sem þar fór fram. Því miður virtust allir hafa áhyggjur af veg og vanda frönskunnar, hver í sínu landi en viljinn til að snúa vörn í sókn og stuðla að samstarfi Norðurlandanna á þessu sviði reyndist mikill. Í ljós kom töluverður áhugi á því að halda fund norrænna frönskukennara á Íslandi annað hvort á þessu ári eða því næsta og þurfum við nú að fara að huga að því verkefni.

Nú í ársbyrjun óskaði Hrefna Clausen eftir lausn frá stjórnarsetu í STÍL eftir eins og hálfis árs starf, aðallega vegna búsetu. Ferðir frá Selfossi til Reykjavíkur til að sækja fundi og aðra viðburði á vegum STÍL reyndust koma of oft niður á stjórnarstörfum. Sem betur fer sá Sigrún Halla Halldórsdóttir sér fært að hlaupa í skarðið og er því nú fulltrúi okkar í STÍL.

Nýr framkvæmdastjóri Alliance française, Jean-François Rochard, hefur sýnt því mikinn áhuga að vinna með okkur í FFÍ og er boðinn og búinn að leggja okkur lið í

hvers konar verkefnum. Í janúar stigum við fyrsta skrefið í þessa átt þegar Jean-François hélt fræðslufund fyrir félagsmenn í húsakynnum Alliance française. Þar fór hann yfir stöðuna í aðdraganda forsetakosninga í Frakklandi og fjallaði um afleiðingar hryðjuverka á síðustu misserum. Þátttakendur voru afar ánægðir með framtakið og innihaldsríka og faglega umfjöllun Jean-François. Stefnum við að fleiri atburðum af þessu tagi.

Eitt af því sem rætt hefur verið á þessu ári er að félagið verði aðili að IFprofs, „le résau social de l'éducation en français“, vefsamfélagi frönskukennara um allan heim. Hvatningin kom frá Jean-François Rochard sem kynnti þetta fyrir okkur á félagsfundum og sótti í framhaldinu um aðild fyrir okkur og Alliance française á Íslandi. Höfum við nú verið samþykkt inn í þetta netsamfélag og af því tilefni býðst félaginu nú að senda fulltrúa til London á námskeið um IFprofs fyrir nýliða og hefur gjaldkeri félagsins, Sólveig, tekið að sér að fara á það í maí næstkomandi ásamt starfsmanni AF. Verður spennandi að sjá hvernig okkur mun ganga með að nýta okkur þennan samskiptamiðil og gagnagrunn.

Formaður sótti ýmsa viðburði fyrir hönd félagsins, m.a. móttöku á vegum sendiherra og fund hjá Rannís þar sem rætt var um styrki til fagfélaga. Í því sambandi má geta þess að við sóttum um og fengum tvo rausnarlega styrki frá Rannís til að fjármagna Kaupmannahafnarferðina og halda fræðsludaginn í Alliance française.

Félagið skipulagði þrjá félagsfundum á stjórnarárinu auk aðalfundar og fyrrnefnds fræðsludags. Voru þeir allir þrýðilega sóttir og er mikill hugur í félagsmönnum hvað varðar hag frönskunnar á Íslandi.

Að lokum langar undirritaða að þakka öllum þeim sem hafa sinnt trúnaðarstörfum fyrir félagið kærlega fyrir ómetanlegt framlag. Sérstakar þakkir fær Hulda Sif Birgisdóttir ritari sem nú hefur ákveðið að segja sig úr stjórn félagsins eftir farsæla stjórnarsetu í 3 ár.

Reykjavík, 10. mars 2017

Margrét Helga Hjartardóttir, formaður FFÍ